

## 14. grein.

Í burtfararskirteininu skal tilgreina þær sjerstöku einkunnir, og aðaleinkunn þá, er hlutaðeigandi hefir fengið við próf eldri kennsluflokksins. 98  
12. júní.

Skyldi nokkur utanskólamaður óska að fá vitnisburð skólans um kunnáttu sína í fræðigreinum þeim, er þar eru kenndar, er honum frjálst að ganga undir burtfararpróf skólans, þótt hann hafi ekki notið kennslu þar.

## 15. grein.

Bæði forstöðumaður og kennarar skólans skulu hafa nákvæmt eptirlit með siðferði lærisveina. Gjöri lærisveinar sig seka í drykkjuskap eða annari óreglu, skal forstöðumaður áminna þá alvarlega, og ef þeir eigi eptir ítrekaðar áminningar hans bæta ráð sitt, skulu þeir rækir úr skólanum.

## 16. grein.

Við lok hvers skólaárs skal skólastjóri senda stiptsyfirvöldunum skýrslu um aðgjörðir skólans hið liðna ár, svo og eptirrit af vitnisburðum þeirra, er útskrifaðir hafa verið, sem og hinar skriflegu úrlausnir þeirra í uppdráttarlist, reikningi og íslenzku.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 12. júní 1880.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

— *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu, um fjárveitingarvald amtsráðs.* — Með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 26. f. m. meðtók jeg álit amtsráðsins um brjef sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu, þar sem hún ber sig upp undan því, að amtsráðið hafi á þessu ári veitt kvennaskólanum á Laugalandi í Eyjafirði 400 kr. styrk úr amtsjafnaðarsjóðnum. Vil jeg því nú tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir tjeðri sýslunefnd, að samkvæmt 54. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 4. maí 1872, virðist amtsráðið hafa heimild til að veita hin umræddu gjöld úr amtsjafnaðarsjóðnum, og að landshöfðingja hinsvegar er hvergi í lögum veitt vald til að breyta eða nema úr gildi ályktanir amtsráðsins í slíkum efnun. 99  
15. júní.

— *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um efling búnaðar.* — Eptir að jeg nú með heiðruðu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 27. f. m. hefi meðtekið tillögur amtsráðsins um skiptingu á fje því, sem í 9. grein C. 4. fjárlaganna er veitt til eflingar búnaði, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður það er nú segir: 100  
17. júní.

Fyrir yfirstandandi ár skulu 4000 kr. ákvarðaðar til eflingar búnaði í norður- og austurumdæminu þannig, að helmingnum af þeim verði skipt á milli búnaðarfjelaga og búnaðarsjóða í umdæmi þessu.

Með því nú amtsráðið ekki hefir sjeð sjer fært að gjöra fast ákveðnar tillögur um skiptinguna á þeim helmingi, er selja skal í hendur einstökum búnaðarfjelogum í amtinu, vil jeg hjer með fela amtsráðinu að skipta tjeðum 2000 kr. milli búnaðarsjóðs norður- og austuramtsins og eptir nefndra fjelaga, sem getur um í brjefi yðar, herra amtmaður, búnaðarfjelags Svínavatnshrepps í Húnavatnssýslu, kynbótafjelagsins í Skaga-fjarðarsýslu, framfarafjelagsins í Hrafnagils-, Saurbøjar- og Öngulsstaðahreppum í Eyjafjarðarsýslu, framfarafjelagsins í Grýtubakkahrepp í Þingeyjarsýslu og þeirra fjelaga, er

LEIÐRJETTING. Bls. 86 hjer að framan l. 16 að ofan „fylgir“ les: „fyllgja“.

Hinn 3. júlí 1880.